

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/749 2023/EES/45/03**frá 8. febrúar 2022****um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2417 að því er varðar umbreytingu yfir í nýjar viðmiðanir sem vísað er til í ákveðnum OTC-afleiðusamningum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 32. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2417 ⁽²⁾ eru m.a. tilgreindir þeir flokkar OTC-afleiðna sem tilgreindir eru í evrum (EUR), sterlingspundum (GBP) og bandaríkjadöllum (USD) og falla undir þá afleiðuviðskiptaskyldu sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Flokkarnir sem gefnir eru upp í sterlingspundum og bandaríkjadöllum vísa til viðmiðana LIBOR-vaxta (e. *London Inter-Bank Offered Rate*).
- 2) ICE Benchmark Administration (IBA), sem er stjórnandi LIBOR-vaxtanna, tilkynnir að hætt verði að birta LIBOR-vexti í sterlingspundum og japönskum jenum í lok árs 2021 en birtingu tiltekinna LIBOR-vaxta í bandaríkjadöllum muni verða hætt í júní 2023. Þann 5. mars 2021 staðfesti Breska viðskiptaháttæfirlitið að stjórnandi muni annaðhvort hætta að veita alla LIBOR-vexti eða þeir hætta að vera dæmigerðir. Auk þess gáfu framkvæmdastjórnin, Seðlabanki Evrópu innan bankaeftirlitsheimilda sinna (Bankaeftirlit Seðlabanka Evrópu), Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, út sameiginlega yfirlýsingu til að hvetja mótaðila eindregið til að hætta að nota LIBOR-vexti, þ.m.t. LIBOR-vexti í bandaríkjadöllum, sem viðmiðunarvexti í nýjum samningum eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 31. desember 2021.
- 3) Eftir 31. desember 2021 munu mótaðilar því ekki lengur geta gert OTC-vaxtaafleiðusamninga sem miðast við LIBOR-vexti í sterlingspundum þar sem búið verður að leggja þá viðmiðun niður og búið er við að mótaðilar geri ekki lengur OTC-vaxtaafleiðusamninga sem miðast við LIBOR-vexti í bandaríkjadöllum. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir að eftirstandandi viðskiptamagn með þessar afleiður verði ekkert eða afar lítið, sem og seljanleiki þeirra. Það sama á við um umfang viðskipta með þær afleiður sem verða stöðustofnaðar af miðlægum mótaðilum eða viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum og gert er ráð fyrir minnkandi umfangi eða seljanleika afleiðna sem miðast við LIBOR-vexti í bandaríkjadöllum. Þessir atburðir gefa tilefni til breytinga á gildissviði stöðustofnunaraskyldu og síðari breytinga á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 ⁽³⁾, þar sem afleiður sem miðast við LIBOR-vexti í sterlingspundum og LIBOR-vexti í bandaríkjadöllum skulu falla utan gildissviðs stöðustofnunaraskyldu. Af því leiðir að þeir flokkar afleiðna sem falla nú undir gildissvið afleiðuviðskiptaskyldu sem miðast við LIBOR-vexti í sterlingspundum eða LIBOR-vexti í bandaríkjadöllum uppfylla ekki lengur skilyrðið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 um að afleiður falli undir afleiðuviðskiptaskyldu frá og með 3. janúar 2022. Því þarf að fjarlægja þessa flokka afleiðna úr gildissviði viðskiptaskyldunnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 138, 17.5.2022, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2417 frá 17. nóvember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðskiptaskyldu vegna tiltekinna afleiðna (Stjtið ESB L 343, 22.12.2017, bls. 48).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunaraskylduna (Stjtið ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13).

- 4) Þar sem fyrirhugað er að leggja niður LIBOR-vexti í sterlingspundum við lok árs 2021 og væntingar eftirlitsaðila, sem framkvæmdastjórnin, Bankaeftirlit Seðlabanka Evrópu, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaftirlitsstofnunin hafa látið í ljós, eru að mótaðilar hætti að nota hvers kyns LIBOR-vexti sem viðmiðunarvexti í nýjum samningum eins fljótt og auðið er, og eigi síðar en 31. desember 2021, er búist við að hratt verði horfið frá vaxtaafleiðum sem byggjast á LIBOR-vöxtum. Þess í stað er þess vænst að eftir 31. desember 2021 muni mótaðilar eiga viðskipti með eða stöðustofna aðrar OTC-vaxtaafleiður, einkum OTC-vaxtaafleiður sem miðast við áhættulausa vexti í sterlingspundum eða bandaríkjadöllum. Reglugerð þessi ætti því að öðlast gildi án tafar eftir birtingu hennar.
- 5) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/2417 til samræmis við það.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁴⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2017/2417

Tölflum 2 og 3 er eytt úr viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2017/2417.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).